

## **Mikilvægi mótlægra umferðarljósa**

Reykjavík, 29. október 2019,

Haraldur Sigþórsson

VHS ehf

Í þessu verkefni eru gerðar mælingar á hegðun vegfarenda við þau gatnamót niðri í miðbæ, sem þegar hefur verið breytt á þann veg, að mótlæg ljós eru ekki lengur fyrir hendi og borið saman við sambærileg gatnamót með venjubundnu fyrirkomulagi umferðarljósa. Reynt var að finna gatnamót með sambærilegu umferðarmagni og hlutverki.

Fyrsta spurningin, sem óhjákvæmilega vaknar, er, hvort nauðsynlegt er að beryta um kerfi, sem hefur virkað ágætlega hingað til. Tvö kerfi fyrir umferðarljós í gatnamótum eru í notkun í Evrópu: Norðevrópska kerfið, sem t.d. er notað hér, í Skandinavíu og Bretlandi, og miðevrópska kerfið, sem notað er t.d. í Þýskalandi og Frakklandi. Bæði kerfin hafa kosti og galla. Norðevrópska kerfið er með viðbótar umferðarljós hinum megin götunnar, en miðevrópska kerfið ekki.

Upphaflega var hugmyndin að skoða hegðun ökumanna nákvæmlega: t.d. bil milli bíla, viðbragðsflýti, mettnarforskot, tvísýnt ökubil. Niðurstaðan eftir stutta skoðun var sú, að hér þyrfti mikið magn gagna og munur yrði líklega of lítill, að hægt yrði að taka afstöðu með tölfræðilegri vissu.

Því var lagt upp með að athuga virðingu fyrir stöðvunarlínu, feril ökutækja í gegnum gatnamótin, hraða, ökulag, mat lagt á umferðarrým og öryggi hvors fyrirkomulags fyrir sig. Þá er hegðun gangandi vegfarenda skoðuð og hugsanlegur munur vegna mótlægra ljósa ræddur. Einnig verður farið yfir hönnunarforsendur, hverju er mælt með fyrir umferðarljós með og án mótlægra ljósa og hvort samræmi er í núverandi hönnun.

Tilgangur verkefnisins er að svara þeirri spurningu, hvort stefna eigi að niðurfellingu mótlægra umferðarljósa. Einnig, hvort slíkar aðgerðir ættu frekar rétt á sér við ákveðnar aðstæður. Myndbandsupptökur og talningar voru notaðar til að greina hegðun vegfarenda og hættuleg tilvik milli vegarendahópa. Með þessu móti ættu

sveitarfélög og Vegagerðin að geta markað sér stefnu varðandi fyrirkomulag umferðarljósa.

Undirritaður skrifaði óbirta skýrslu um málið fyrir Reykjavíkurborg. Ein af niðurstöðunum er sú, að rétt sé að fara varlega í breytingar og gera rannsókn á hegðun ökumanna og óvarinna vegfarenda á þeim stöðum, sem vangaveltur eru um að breyta. Ljóst er, að þetta er eins málefni Vegagerðarinnar eins og sveitarfélaga, því að mörg umferðarljós eru á þjóðvegum. Í óbirtu skýrslunni um mótlæg umferðarljós voru skoðaðar ýmsar erlendar heimildir, sem nýtast í fyrirhuguðu verkefni nú. Segja má, að heimildahluti þessarar vinnu liggi að einhverju leyti fyrir. Flestir geta verið sammála því, að ekki er góð aðferð, að breyta fyrirkomulagi án skoðunar og breyta síðan aftur til baka. Slíkur hringlandaháttur ruglar vegfarendur.

Tengiliður við Vegagerðina er Baldur Grétarsson og við Reykjavíkurborg Nils Schwarzkopp. Nemi í byggingarverkfræði við HR, Magnús Halldórsson, hefur tekið upp og greint. Þegar eru komnar yfir 50 klst af upptökum af gatnamótum Geirsgötu og Kalkofnvegur, sem var breytt, og af gatnamótum Snorrabrautar og Laugavegar, sem eru hefðbundin. Verið er að byrja á upptökum á gatnamótum Sæbrautar við Holtaveg annars vegar og Skeiðarvog hins vegar. Þá verða athuguð tvö gatnamót í viðbót. Að mörgu er að hyggja, og ætlunin er, að taka einnig upp, þegar snjór hylur vegmerkingar.

Reykjavík, 29. október 2019,

Haraldur Sigþórsson

VHS ehf